

# Jafnréttisáætlun Tónlistarskólans í Fellabæ.

Jafnréttisáætlun Tónlistarskólans í Fellabæ tekur mið af jafnréttisáætlun Fellaskóla og einnig er hún í samræmi við jafnréttisstefnu Múlabings.

<https://www.mulathing.is/is/moya/page/jafnrettisaaetlun-mulathings> (1)

Öldum saman hefur tónlist, drottning listanna, verið ríkur þáttur í lífi og starfi manna, gleði og sorgum. Tónlistin er óaðskiljanlegur hluti af menningararfi þjóða. Gildi tónlistarnáms er margþætt. Markvisst tónlistaruppeldi miðar að auknum þroska einstaklinga, þjálfar huga og eflir tjáningarhæfni nemenda. Auk þess veitir gott tónlistarnám lífsfyllingu og hefur víðtækt félagslegt gildi.

Tónlistarskólar gegna lykilhlutverki við miðlun tónlistarþekkingar og þróun tónlistarlífs. Skólarnir þjóna breiðum hópi tónlistaráhugafólks á ýmsum aldri, jafnt þeim sem stunda námið sér til ánægju og þeim sem hyggjast leggja tónlistina fyrir sig. Mikilvægt er að tónlistarnám vekji ánægju og örvi nemendur til að iðka tónlist og njóta hennar.

Andrúmsloft og samfélag innan veggja tónlistarskóla, þar sem allt snýst um tónlist og tónlistariðkun, er einstakt. Eindregið er mælt með því að nemendum gefist kostur á skólastarfi í slíku umhverfi, einkum þegar áleiðis miðar í náminu, sé þess nokkur kostur.

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/118B36D09E336A80002576F00058D533/Attachment/namskratonlist1.pdf> (2)

## Almennt

Tónlistarskólinn í Fellabæ er rekin samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla og honum ber skylda til að uppfylla þær kröfur sem þar eru gerðar eins vel og kostur er á.

Í Tónlistarskólanum í Fellabæ skal lögð áhersla á að allir þeir sem starfa við skólann þ.e. nemendur og kennarar njóti jafnréttis og almennra mannréttinda.

Hvers kyns mismunur á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar, hvort heldur bein eða óbein, vegna kynþáttar, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðunar, fötlunar, aldri, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningu er óheimil, sbr. einnig lög um jafna meðferð á vinnumarkaði. Fjölpætt mismunur er einnig óheimil. (2)

Í Tónlistarskólanum í Fellabæ er leitast við að aðilar af öllum kynjum óháð hvernig þau skilgreina sig sem og aðilar af erlendu bergi brotnir sem og tvítyngdir eigi þess kost að sækja nám við skólann.

Í Tónlistarskólanum í Fellabæ skal lögð áhersla á að jafnrétti einkenni samskipti á milli starfsmanna gagnvart nemendum, foreldrum og á milli nemenda.

Í Tónlistarskólanum í Fellabæ skal ætíð lögð áhersla á að hafa vel menntaða og sem hæfasta kennara sem völ er á hverju sinni, hvort heldur er um að ræða íslenska eða erlenda, konur, karla og kvár til að tryggja sem besta menntun nemenda.

Tónlistarskólinn í Fellabæ leggur áherslu á að skólanum sé úthlutað því fjármagni sem hann þarf til að standa undir rekstrarkostnaði og til að tryggja kennarastöður í samræmi við nemendafjölda og áhugasvið nemenda.

(1) Úr jafnréttisáætlun Múlabings.

(2) Úr Aðalnámskrá Tónlistarskóla 2000.

| Markmið                        | Aðgerð             | Ábyrgð           | Tímarammi     |
|--------------------------------|--------------------|------------------|---------------|
| Að til sé Jafnréttisáætlun.    | Endurskoða/bæta    | Skólastjóri.     | 2025-2027     |
| Að kennarastöður séu tryggðar. | Jafnréttisáætlun.  | Fræðsluyfirvöld. | Endurskoðað   |
| Að skólanum sé tryggt          | Að uppfylla kröfur | Bæjarstjórn.     | á tveggja ára |
| Það fjármagn er til            | Aðalnámsskrár.     |                  | fresti.       |
| rekstrarins sé ætíð            |                    |                  |               |
| samkvæmt þörf                  |                    |                  |               |
| hverju sinni.                  |                    |                  |               |

## Nemendur

Ekki skal mismunað eftir kyni á hvaða hljóðfæri er lært og kennsluaðferðir og námsgögn mega á engan hátt mismuna nemendum og einstaklingsmiða skal nám eftir þörfum hvers og eins.

Leitast skal við að hafa sem hæfasta kennara sem völ er á hverju sinni til að tryggja nemendum sem besta menntun.

Stefna skólans er alltaf að verða við óskum nemenda um hljóðfæri eða kennara eftir því sem það er hægt, en skólinn kemur að sjálfsögðu með ábendingar sem eiga að nýtast nemendum sem best.

Ekkert hljóðfæri skulu vera í boði fyrir alla, öll skulu vera jöfn.

Námsefni er á engan hátt kynjabundið heldur er notað kennsluefni er hæfir viðkomandi nemanda hverju sinni.

Komið sé í veg fyrir að kynbundið ofbeldi og að kynferðisleg áreitni eigi sér aldrei stað, hvort heldur um sé að ræða andlegt eða líkamlegt ofbeldi gagnvart nemendum og einnig á milli kennara.

Ef kennari verður uppvís af því að hafa beitt nemanda kynferðislegu ofbeldi á einhvern hátt skal skólastjóri strax taka það til skoðunar og hafa fræðslustjóra með sér í úrvinnslu málsins. Hægt er að víkja kennara úr starfi verði hann uppvís af slíkri hegðun.

| Markmið                     | Aðgerð                             | Ábyrgð           | Tímarammi     |
|-----------------------------|------------------------------------|------------------|---------------|
| Að allir eigi þess kost     | Vera sýnileg í samfélaginu,        | Skólastjóri,     | 2023 - 2025.  |
| að stunda nám við skólann   | að allir viti hvar og              | kennarar og      | Endurskoðað   |
| óháð kyni, aldri, þjóðerni. | hvenær skuli sótt um skólavist.    | fræðslufulltrúi. | á tveggja ára |
| Koma í veg fyrir kynbundna  | Heimasíða skólans sé aðgengileg.   |                  | fresti.       |
| eða kynferðislega áreitni.  | Leiðbeina nemendum með             |                  |               |
| Tryggja að nemandi hafi     | góð samskipti sín á milli.         |                  |               |
| Alltaf aðgang að sem bestri | Að kennari/skólastjóri sýni alltaf |                  |               |
| menntun hverju sinni.       | gott fordæmi og góða framkomu í    |                  |               |
|                             | garð nemenda.                      |                  |               |

### **Starfsfólk Tónlistarskólinn í Fellabæ leggur áherslu á:**

Að jöfn staða karla, kvenna, kvár og kynsegin sé tryggð, óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífskoðun, kynvitund, fötlun og aldri, lúti það reglum Múlapingis þar um.

Að menntun og starfsreynsla sé ætíð metin.

Að endurmenntun sé starfsfólki tryggð og að farið verði í námsferðir t.d. á tveggja ára fresti, annað hvort innan-og eða utanlands. (3)

Að vinnuumhverfi sé viðunandi og eins heilsusamlegt og völ er á.

Að samskipti meðal starfsmanna og upplýsingagjöf til þeirra sé ætíð sem best verður á kosið. Tekið sé á ágreiningi „strax“ ef hann kemur upp með öllum aðilum.

Tryggja þarf upplýsingaflæði til kennara af erlendu bergi brotnu, tryggja að þeir geti ætíð leitað til skólastjórnenda og samkennara varðandi mál er á þeim brenna. Varast að brjóta á eða mismuna þeim á neinn hátt.

Að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi, hvort heldur um er að ræða andlegt eða líkamlegt ofbeldi gagnvart samkennurum eða nemendum. Verði kennari eða skólastjórnandi uppvís að slíkri hegðun skal strax taka málið til skoðunar og ef um skólastjórnanda er að ræða þarf að hafa samband við fræðslustjóra og að hann taki málið til skoðunar. Hægt er að víkja kennara/skólastjórnanda úr starfi verði hann uppvís að slíkri hegðun.

Farið verði yfir jafnréttisáætlun á hverju hausti með kennurum og þeir upplýstir um innihald og aðgerðir sem hægt er að fara í verði starfsmenn uppvísir af ósæmilegri hegðun eða uppfylli ekki kröfur aðalnámskrár varðandi kennslu og kennsluhætti.

### **3.Sjá starfsþróunaráætlun skólans.**

| Markmið                                                                                                                                        | Aðgerð                                                                                                                                            | Ábyrgð                           | Tímarammi                  |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------|----------------------------|
| Tryggja að kennara-<br>stöður séu mannaðar.                                                                                                    | Afla upplýsinga um<br>Þá er sækja um kennarastöður                                                                                                | Skólastjóri,<br>kennarar og      | 2025 – 2026<br>Endurskoðun |
| Að kennarar séu með haldbæra<br>menntun og að starfeynsla<br>sé metin að verðleikum.                                                           | og ráða ætíð þann er<br>hæfastur er talin,<br>hvort heldur er um<br>konu, karl, kvár, eða kynsegin að ræða.                                       | fræðslustjóri.                   | á tveggja ára<br>fresti.   |
| Að fá gestakennara<br>í skólann öðru hvoru<br>til að uppfræða kennara,<br>bæði á sviði tónlistar og annars<br>sem nýtist í starfinu.           | Fá fagaðila/tónlistarfólk til<br>til að vera með námskeið.                                                                                        | Skólastjóri.                     |                            |
| Leitast við að fara<br>reglulega í<br>námsferðir.                                                                                              | Fara í endurmenntunar-<br>ferðir á tveggja ára fresti,<br>innan-og eða utanlands.                                                                 | Skólastjóri.                     |                            |
| Fá utan að komandi<br>fagfólk með fyrirlestra.<br>Að koma í veg fyrir kynbundið<br>eða kynferðislegt ofbeldi af hálfu<br>kennara/skólastjórna. | Að veita fræðslu um<br>kynbundið/kynferðislegt<br>ofbeldi og<br>að það eigi aldrei<br>rétt á sér, hvorki<br>gagnvart nemendum eða<br>samkennurum. | Skólastjóri og<br>fræðslustjóri. |                            |
| Gefa frí til að kennarar geti<br>sótt námskeið, hvort sem er<br>Innan-eða utanlands.                                                           | Tryggja að kennarar geti<br>ætíð sótt námskeið/<br>endurmenntun vegna vinnu.                                                                      | Skólastjóri.                     |                            |

Unnið af skólastjóra og uppfært í ágúst 2025.

Yfirfarið af starfsfólki og fræðslustjóra.